

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2022

152. löggjafarþing 2021-2022

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938 – þingskjal 381 – 272. mál**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Hæstiréttur Íslands tilnefni 3 dómara í Félagsdóm. Þá er gert ráð fyrir því að bæði forseti- og varaforseti Félagsdóms séu úr þeim hópi sem tilnefndir eru af Hæstarétti og tveir varadómarar séu einnig tilnefndir af Hæstarétti. Þá séu þeir dómarar sem Hæstiréttur tilnefnir skipaðir *ótímabundið* af ráðherra, ólíkt öðrum dómurum Félagsdóms.

Í **fyrsta lagi**, athugast að tiltekna ákvarðanir Félagsdóms sæta kæru til Hæstaréttar skv. 67. gr. l. nr. 80/1938. Öll afskipti Hæstaréttar, bein eða óbein, af skipan dómara við Félagsdóm, virðast þannig til þess fallin að draga úr ásýnd um sjálfstæði Félagsdóms gagnvart Hæstarétti. Fyrirkomulagið við skipan dómara við Félagsdóm virðist þannig vera andstætt markmiði frumvarpsins um að tryggja sjálfstæði dómstólsins.

Í **öðru lagi**, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þeir dómarar sem skipaðir eru við Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, séu embættisdómarar við Landsrétt eða héraðsdómstóla.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins segir að sú breyting sé lögð til svo koma megi til móts við athugasemdir GRECO um skipan dómara við Félagsdóm, sem hafi að mestu hafi lotið að því að taka þurfi til endurskoðunar fyrirkomulag við tilnefningar og skipan dómara í Félagsdóm með það að markmiði að tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni og gagnsæi við skipanina.

Laganefnd bendir á að ekki er hægt að álykta útfrá athugasemdum GRECO að nauðsyn þyki af hálfu nefndarinnar að skipaðir dómara við Félagsdóm komi úr röðum embættisdómara. Nánar tiltekið og orðrétt kemur fram í athugasemdunum eftirfarandi;

*However, according to the GET's findings, it is not stipulated that it is a prerequisite for any of the persons sitting in the Labour Court to uphold a position as a judge. Nor is there any rule as to the selection and appointment procedures for the persons who are not representative of the employee/employers' interests, i.e. the persons nominated by the Supreme Court; there is, for example, no requirement that such positions are publicly advertised when vacant. The GET has some misgivings about this, all the more so since, as was explained earlier, a case that can be litigated before the Labour Court cannot be heard in the general courts; moreover, decisions of the court can generally not be appealed to any other court, so they constitute the final result of the dispute. At the very least, the persons appointed by the Supreme Court should be subject to an appointment process which is vested with the same guarantees of independence, impartiality, publicity and transparency governing all other judicial appointments.<sup>1</sup>*

Þannig mætti ætla að það væri einfalt að tryggja að dómara við Félagsdóm uppfylltu sömu hæfisskilyrði og embættisdómara, eins og raunar GRECO gerir að umtalsefni sbr. framangreint, án þess að gera það að beinu skilyrði hinir fyrrnefndu þurfi að koma úr röðum embættisdómara heldur öllu fremur að viðkomandi fari í gegnum hæfnismat og/eða að sömu reglur gildi um tilnefningu eða eftir atvikum setningu dómara við Félagsdóm og gildi við aðra dómstóla landsins.

Verði niðurstaðan sú að einskorða dómarskipan þriggja dómara af fimm í Félagsdómi við embættisdómara er verið að að takmarka möguleika annarra lögfræðinga en embættisdómara, t.d. lögmannna, prófessora eða fræðimanna, á því að fá skipun í embætti dómara við Félagsdóm. Um getur verið að ræða lögfræðinga sem búa yfir sérmenntun á sviði vinnuréttar, hafa áratuga reynslu á sviðinu og uppfylla jafnframt hæfisskilyrði embættisdómara. Draga má í efa að embættisdómara hafi slíka sérþekkingu á sviðinu umfram aðra sérfræðinga, að réttlætjanlegt sé að þeir séu ávallt í meirihluta skipaðra dómara.

Laganefnd bendir þannig á að það sé mun líklegra til að ná þeim markmiðum sem GRECO bendir á í tilvitnaðri málsgrein að orða lagaákvæðið þannig að dómara við Félagsdóm skuli uppfylla sömu hæfisskilyrði og embættisdómara, sbr. 29. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016 og þá er einnig sá möguleiki fyrir hendi að embætti dómara Félagsdómara skuli auglýst og hæfnismat fari fram í aðdraganda skipunar.

**Í þriðja lagi**, virðist óheppilegt að þeir dómara sem tilnefndir verði af Hæstarétti Íslands séu skipaðir ótímabundið í Félagsdóm, en aðrir dómara séu einungis skipaðir til þriggja ára í senn. Augljós hætta virðist á því að vægi sjónarmiða hinna síðarnefndu verði minna en hinna fyrrnefndu í úrlausnum dómstólsins. Ætla má að æskilegt sé að gæta samræmis í reglum um skipunartíma dómara. Skal m.a. bent á fordæmi um slíkt við stofnun nýlegs Endurupptökudómstóls þar sem skipunartími allra dómara er fimm ár.

---

<sup>1</sup>Sjá Paragraph 83 í Fjórdú skýrslu GRECO, dags. 28. mars 2013;

<https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016806c67c5>

## LAGANEFND LMFÍ

Í fjórða lagi, rímar það illa við reglur um bann við aukastörfum dómara, sbr. 45. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016 að kveða beinlínis á um það í lögum að embættisdómari skuli taka það að sér sem aukastarf að vera jafnframt dómari við Félagsdóm.

Laganefnd leggur skv. þessu til að frumvarpið verði skoðað betur.

Virðingarfyllst,

f.h. laganeftndar LMFÍ

Þyri Steingrímsdóttir, lögmaður

